

Athugasemdir við fiskeldi

Skipulagstofnun telur að á eldissvæðum geti orðið neikvæð áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum. Með hvíld eldissvæði er talið að líklegt að áhrifin séu afturkræf. Hvaða afleiðingu hefur það ef ef áhrifin eru ekki afturkræf? Samkvæmt kafara sem vann fyrir fiskeldi austfjarða í Fáskrúðsfirði þá þurfa kafarar að skrifa undir trúnaðarsamning við fyrirtækið um að þeir megi ekki segja frá né taka myndir af botninum og hversu mikil mengun er þar og það er víst mun verra en fyrirtækið gefur upp. Ef þetta fyrirtæki fær leyfi frá ykkur að fylla fjörðinn af kvíum þá er mikilvægt að einhver óháður hafi eftirlit með botninum undir þessum kvíum

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að skv. Reglugerð nr. 540/2020 skal stofnunin tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Í athugasemdum er ennfremur bent á að eldissvæðið er í innan 3km fjarlægð frá Stöðvará sem geymir bæði bleikju og lax. Í eldri reglugerð sem Fiskeldi austfjarða vísar í 1170/2015 kemur hvergi fram að sjókvíaeldisstöðvar megi vera nær en 5 km og þar með þarf eldið að vera 5km frá Stöðvará að minnsta kosti. Og það er heimskulegt að fara að taka áhættu á að eldislax blandist í ár með villtum laxi og bleikju bara svo þetta fyrirtæki geti haldið áfram að græða pening.

Að staðsetja kvíar beint á móti byggðarlagi er rosaleg sjónmengun og út í hött að gera það án þess íbúar samþykki það. Kvíarnar munu vera áberandi bæði í birtu og í myrkri. Svar Fiskeldi austfjarða um að ljós séu bara notuð á myrkustu tímum ársins er rangt, það eru blikkandi ljós allt árið í kvíunum í Fáskrúðsfirði, ég nefndi það við forsvarsmenn Fiskeldi austfjarða og þeir vissu það einu sinni ekki sjálfir. Stöðvarfjörður er lítill fjörður, alltof lítill fyrir fiskeldi og flestir íbúar vilja ekki fá þetta í fjörðinn.

Afhverju að gefa leyfi fyrir einhverju sem gæti haft óafturkræf áhrif á villtan lax í Stöðvarfirði og mögulega í Breiðdalsá, mengar fjörðinn, er rosalega sjónmengun og er ekki í sátt við samfélagið?